

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 2002

25. janúar 2002

113

Nr. 63

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Í stað: „3.000“ í 7. tl. 2. gr. komi: 4.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

28. janúar 2002

Nr. 64

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 64, 2. febrúar 1998, um þorskfisknet.

1. gr.

B-liður 2. mgr. 1. gr. breytist og orðist svo: Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.